

Ed.

675. Breytingartillögur

[316. mál]

við frv. til l. um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Þeir sem selja flugvélabensín og þotueldsneyti á íslenskum flugvöllum til innanlandsflugs og millilandaflugs skulu greiða af því sérstakt gjald. Gjald þetta skal nema 1,30 kr. af hverjum lítra flugvélabensíns og 0,65 kr. af hverjum lítra þotueldsneytis.

Heimilt er að veita undanþágu frá greiðslu þessa gjalds vegna flugs á skemmri flugleiðum innan sama landsfjórðungs.

Eldsneyti til áætlunarflugs milli Íslands og Norður-Ameríku er undanþegið greiðslu gjalds skv. 1. mgr.

2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Flugmálastjórn annast innheimtu sérstaks gjalds skv. 5. gr. og skal tekjum af því einungis varið til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

3. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Sérstakt gjald skv. 5. gr. og flugvallagjald skv. 8. og 9. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi, allt að þeirri hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxtar gjaldanna eru miðaðir við vísitölu í janúar 1986, þ.e. 250 stig.

4. Við 16. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 8/1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110/1978 og 18/1980, um breytingu á þeim.

6. Á eftir 17. gr. komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga þessara skal ráðstöfun tekna vegna flugvallagjalds á fjárlögum ársins 1987 standa óbreytt. Hækkun flugvallagjalds skv. 9. gr., sem nemur 82 kr. á hvern farþega, skal renna til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun, sbr. 14. gr. laga þessara.